

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Smolt Botni, Tálknafirði



Dags eftirlits	1.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Arctic Smolt	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Sindragata 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurvin Hreiðarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Nancy Rut Helgadóttir	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu, ársyfirliti var ekki skilað fyrir árið 2022. Þrjár ábendingar voru gerðar: 1) Fara þarf yfir útreikninga á losun fosfórs. 2) Tryggja þarf að útstreymisbókhaldi sé skilað í samræmi við kröfur. 3) Rekstraraðila er bent á að finna not fyrir það lífræna efni sem sest hefur í settjörn stöðvarinnar. Tvö frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram, annars vegar varðandi árekstrarvarnir við olíugeyma og hins vegar útlagningu frárennslislagna. Unnið er að úrbótum skv. úrbótaáætlun.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Arctic Smolt, Norður-Botni í Tálknafirði. Viðstödd fundinn f.h. Arctic Smolt voru Sigurvin Hreiðarsson og Nancy Rut Helgadóttir auk Elvars Steins Traustasonar sem tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað. Freyr Ævarsson var eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Arctic Smolt er með starfsleyfi sem var gefið út 10. janúar 2019 og heimilar framleiðslu á allt að 1.000 tonnum af laxa- og regnbogasílingssseiðum með að hámarki 1.000 tona lífmassa á hverjum tíma.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
5. Kynning á nýrri gjaldskrá UST
6. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
7. Önnur mál
8. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Framleiðsla ársins 2022 var tæplega 500 tonn sem er innan við helmingur af því magni sem heimilt er að framleiða í stöðinni.

Þann 23. febrúar sl. braust út eldur í nýbyggingu stöðvarinnar. Unnið hefur verið að hreinsun síðan þá og er m.a. vatn sem varð eftir og safnast fyrir í eldiskerjum hússins, síað í gegnum dúk áður en því er hleypt frá stöðinni og út í fjörðinn. Rætt var um að líklega flokkist dúkurinn sem spilliefni og því þurfi að brenna hann að síun lokinni.

Rekstraraðili fékk verkfræðistofu til að endurskoða allar viðbragðsáætlanir og verklag, m.t.t. reynslunnar af brunanum.

Unnið hefur verið að því undanfarin misseri að sameina frárennslí frá stöðinni og leggja nýja lögn. Vinna við það tafðist nokkuð vegna áður nefnds bruna en gert er ráð fyrir að henni ljúki á næstu mánuðum.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
  - a) Grænu bókhaldi var skilað þann 30.4. sl.

Rekstraraðila er bent á að tryggja að útreikningar á losun fosfórs og köfnunarefni séu réttir og niðurstöðum sé skilað á réttu formi. Ekkert bendir til að losun á fosfór og köfnunarefni hafi verið yfir mörkum og því er einungis um ábendingu að ræða.

b) Ársyfirliti fyrir árið 2022 hefur ekki verið skilað.

c) Útstreymisbókhaldi var ekki skilað á fullnægjandi hátt. Birta skal niðurstöður mælinga og útreikninga á því formi sem tilgreint er.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti, en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

4. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg

Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun.

5. Kynning á nýrri gjaldskrá UST

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

6. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

7. Önnur mál

Farið var yfir umsókn rekstraraðila um nýtt starfsleyfi og hvað gögnum þarf að skila svo hægt sé að auglýsa tillögu að starfsleyfi

8. Skoðunarferð

Gengið var um lóð rekstraraðila. Sérstaklega var húsið sem brann í vetur skoðað og farið yfir breytingar á frárennsli stöðvarinnar. Einnig var settjörn skoðuð, en hún hefur ekki verið í notkun síðan síðastliðið haust. Rætt var um mögulega notkun á því efni sem hefur safnast í settjörnina. Þegar eftirlitið fór fram var vinna í gangi við frágang olútanka en enn er á lóðinni lítill olútankur án fullnægjandi árekstrarvarna.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 4.4 í starfsleyfi

Ársyfirliti fyrir árið 2022 hefur ekki verið skilað.



## ÁBENDINGAR

Fara þarf yfir útreikninga á losun fosfórs.

Tryggja þarf að útstreymisbókhaldi sé skilað í samræmi við kröfur og að niðurstöður mælinga og útreikninga séu birtar á því formi sem tilgreint er.

Rekstraraðila er bent á að finna not fyrir það lífræna efni sem sest hefur í settjörn stöðvarinnar, en hún hefur ekki verið notuð síðan síðastliðið haust.

## ANNAÐ

Rekstraraðili hefur sótt um nýtt starfsleyfi vegna fyrirhugaðrar stækkunar stöðvarinnar. Umsóknin er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun og er gert ráð fyrir að tillaga að starfsleyfi verði auglýst þegar Umhverfisstofnun hefur fengið öll tilskilin gögn.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.07.2023



Freyr Ávarsson

